

**FVA í dag**

FVA var stofnaður árið 1977 og á því 40 ára afmæli í ár. Í dag eru 503 nemendur skráðir til náms í FVA. Nemendur skiptast á 12 brautir og koma frá öllum landshlutum. 367 eru í dagskóla og 136 í dreifinámi. Í starfslíði skólans eru 64 manns, þar af 4 stjórnendur, 43 kennarar og 17 aðrir starfsmenn sem sinna ýmsum mikilvægum störfum innan skólans.

Fréttabréfið

Í ár hefur FVA útgáfu á fréttabréfi til foreldra. Stefnan er að gefa út 2-3 fréttabréf á önn þar sem fram koma helstu fréttir og viðburðir í deiglunni. Útgáfa fréttabréfsins er liður í því að auka upplýsingaflæði til foreldra og styrkja samstarf skólans og foreldra um að byggja upp öflugt og lifandi skólastarf. Einnig hefur kennari verið skipaður tengiliður við foreldraráð og vonast skólinn til þess að í framhaldinu verði hægt að auka samstarf við foreldra um t.d. aðkomu að ballreglum, edrúpottinum og fleiru. Formaður foreldraráðs er Ursula Ásgrímsdóttir og tengiliður skólans er Tinna Steindórsdóttir.

Inna og viðtalstímar

Foreldrar ólögráða barna eru eindregið hvattir til þess að fylgjast með framgangi barna sinna á Innu upplýsingakerfi (www.inna.is), en þar má finna allar helstu upplýsingar um áfangana sem þau eru skráð í, heimavinnu og verkefni ásamt stöðu mætinga og fleira. Einnig er hægt að senda þar skilaboð á kennara og óska eftir frekari upplýsingum og koma sér saman um viðtalstíma ef þess er óskað.

Heilsueflandi framhaldsskóli

FVA hefur frá árinu 2011 flokkast sem heilsueflandi framhaldsskóli. Það felur ýmislegt í sér að taka þátt í heilsueflingarátakinu og innan skólans er sérstakt teymi sem samanstendur af stjórnendum, kennurum og nemendum sem halda utan um allt



skipulag og viðburði tengda heilsueflingunni og hefur sér til ráðgjafar tengilið innan landlæknisembættisins. Verkefnastjóri heilsueflingarinnar við FVA er Margrét Þóra Jónsdóttir. Meðal þess sem heilsueflingin leggur áherslu á er næring, hreyfing, forvarnir og geðrækt. Þetta felur m.a. í sér að í mótuneytinu hér í FVA er nemendum og starfsfólki tryggður hollur og staðgóður matur á góðu verði. Bæði forvarnafulltrúi og félagslífsfulltrúi starfa við skólann til þess að hafa gott utanumhald utan um heilbriggt félagslíf og til þess efla fræðslu og vakningu hjá nemendum. Rík áhersla er lögð á að í skólanum ríki heilsusamlegur, lífflegur og umburðarlyndur skólabragur. Einnig eru reglulega á dagskrá svokallaðir „hreyfikortsviðburðir.“ Á hverju skólaári fá nemendur og starfsfólk skólans hreyfikort með nokkrum fyrirfram ákveðnum viðburðum sem fela í sér hreyfingu. T.d. göngu á Akrafjallið, Tarzanleikur eða útihlaup. Fyrir hvern viðburð sem tekið er þátt í fæst stimpill og skilar svo hver sínu korti í pott í lok skólaársins. Þeir sem eru dregnir úr pottinum hljóta að launum veglega vinninga sem fyrirtæki á Akranesi hafa lagt til til þess að styrkja átakið. Hreyfikortið geta nemendur nálgast á skrifstofu skólans.

**Heimasíða og facebook-síða FVA**

Heimasíða skólans er einnig fréttaveita og þar kemur allt frétt næmt sem tengist skólanum og skólastarfinu og hvetjum við nemendur og foreldra til þess að fylgjast með þar. Skólinn er einnig með opinbera facebook-síðu þar sem við setjum inn myndir og myndbönd frá skólalífinu og öllum þeim skemmtilegu viðburðum sem eiga sér reglulega stað í skólanum. Á heimasíðu skólans má einnig finna ýmsar gagnlegar upplýsingar eins og t.d. skóladagatalið en þar koma fram m.a. kennsludagar, nemendaviðburðir, prófatímabil og frí yfir hátíðir. Einnig má finna fjöldann allan af krækjum á síður sem tengjast skólanum og náminu, m.a. Innu, nemendafélagið, orðabækur o.fl.

Ábendingar

Í haust opnaði vefsíða skólans fyrir ábendingar. Öllum er þar frjálst að senda inn athugasemdir eða uppástungur með einföldum og þægilegum hætti. Krækju inn á ábendingasíðuna má finna vinstra megin á vefsíðu skólans.



Ábendingar

Orðabækur

Nemendur FVA hafa aðgang að orðabókinni snara.is á staðarneti skólans. Kennarar hvetja foreldra einnig til þess að hafa áskrift að snöru heima fyrir, en orðabókin nýtist nemendum bæði í íslensku sem og erlendum tungumálum sem kennd eru við skólann. Einnig má benda á orðabókina www.islex.is sem er norrænt samstarfsverkefni þar sem hægt er að fletta upp orðum á flestum norðurlandamálunum. Við hvetjum foreldra til þess að skoða þessa valkosti með börnum sínum og kenna þeim að nýta sér þá við námið.



Mætingar

Nemendur FVA sýna mætingu yfir meðaltali miðað við aðra skóla. Við hvetjum foreldra til þess að halda að nemendum að mæta vel og sinna sinni skólavinnu. Mæting og árangur haldast í hendur og auk þess er það mikilvægt að læra á unglingsárunum að mæta tímanlega og samviskusamlega í það sem maður hefur skuldbundið sig til. Nemendur sem ljúka önn með 9 eða 10 í skólasóknareinkunn fá 1 einingu í námsferil sinn í lok annarinnar. Hver óútskýrð fjarvist jafngildir einu fjarvistarstigi. Fyrir hverjar þrjár seinkomur hlýst eitt fjarvistarstig. Nemandi getur átt von á því að vera skráður úr áfanga án fyrirvara ef óútskýrðar fjarvistir í honum eru fleiri en sem svarar kennslu í eina og hálfu viku (t.d. meira en 6 skipti í áfanga sem er kenndur 4 sinnum í viku). Veikindi og önnur forföll skal tilkynna samdægurs. Nemendur sem náð hafa 18 ára aldri og forráðamenn nemenda yngri en 18 ára geta skráð veikindaforföll í INNU en einnig er hægt að tilkynna þau á skrifstofu skólans í síma 433 2500. Forföll ber að tilkynna áður en hringt er út úr fyrstu kennslustund sem nemandi skal, samkvæmt stundatöflu, sækja þann daginn.

Þjónusta við nemendur

Við FVA starfa náms- og starfsráðgjafar, skólahjúkrunarfræðingur, forvarnafulltrúi og félagslífsfulltrúi. Nemendur geta leitað með mál sín til þessara aðila og er fyllsta trúnaðar gætt. Einnig geta nemendur og forráðamenn leitað til kennara sinna sem geta aðstoðað við að koma málinu áfram til þessara fagaðila. Það er starfsfólki skólans mikið í mun að nemendum líði vel í skólanum og finni til öryggis og er ávallt reynt eftir fremsta megni að styðja við nemendur með þeim úrræðum sem skólinn hefur upp á að bjóða. Frekari upplýsingar og netföng má finna á heimasíðu skólans undir þjónusta og námsráðgjöf.

Ballreglur og partýhöld

Foreldrar eru hvattir til að kynna sér vel ballreglur skólans og viðurlög við brotum. Reglur um skólaböll eru eftirfarandi.

- Öll meðferð áfengis og annarra vímuefna er bönnuð á skólavíðburðum og hafa einstaklingar undir áhrifum ekki rétt til inngöngu.
- Ef nemandi reynir að smygla inn áfengi/vímuefnum eða er með áfengi/vímuefni fyrir utan skemmtistaðinn fær hann ekki inngöngu. Leit er gerð við inngang.
- Þurfi gæsla að hafa afskipti af nemanda á balli vegna ölvunar, áfengissmygls eða óspekta verður hann boðaður á fund skólastjórnanda og einnig í viðtal til forvarnafulltrúa.
- Þurfi gæsla að hafa afskipti af nemanda undir 18 ára aldri skal hringt í forráðamenn hans sem beðnir verða að sækja viðkomandi.
- Þurfi gæsla að hafa afskipti af nemanda 18 ára eða eldri skal honum vísað út. Ekki er hringt í foreldra nema nemandi óski þess.
- Eftir fyrsta brot (hvers skólaárs) má nemandi ekki mæta á næsta ball nema hann blási þá og sanni að hann sé óölvaður. Við annað brot fer nemandi ávallt í bann á böllum út skólaárið. Harðari viðurlög eru við alvarlegum brotum, allt að brottvísun úr skóla.

Skólayfirvöld hvetja foreldra eindregið til þess að sameinast um það að hafa ekki eftirlitslaus partý í heimahúsum fyrir skólaböll. Skólinn vill í samstarfi við foreldra styðja við öflugt og vímuefnalaust félagslíf hjá nemendum, sem er afar mikilvægur þáttur í forvörnum. Í mörgum framhaldsskólum eru foreldrafélög með facebook-síður þar sem er m.a. hægt að koma sér saman um ákveðnar reglur varðandi heimapartý, en einnig getur það reynst gagnlegt tæki við að deila ýmsum upplýsingum og eru foreldrar hvattir til þess að kynna sér þennan valmöguleika.

Edrúpotturinn

Nemendafélagið heldur úti svokölluðum edrúpotti á öllum böllum þar sem nemendum gefst færi á að blása í áfengismæli og setja þá ballmiðann sinn í edrúpottinn. Síðan er dreginn úr honum einn heppinn vinningshafi. Þannig hvetjum við nemendur á jákvæðan hátt til að skemmta sér án áfengis og vanalega fara um 35-40% nemenda í edrúpottinn. Það virkar hvetjandi á nemendur að edrúpotturinn sé veglegur. Nemendafélagið sér sjálft um að safna vinningum. Ef foreldrar hafa tengingu við fyrirtæki og vilja leggja sitt af mörkum þá eru þeir beðnir um að hafa samband við nemendafélagið (nffa@fva.is) eða Grétu umsjónarmann félagslífs (greta@fva.is).

Háskólahermirinn 2017

Í vikunni sem leið tóku nokkrir nemendur FVA þátt í háskólaherminum og var FVA einn af fjórtán framhaldsskólum sem tóku þátt. Háskólahermir er í boði Háskóla Íslands og er þetta í annað sinn sem hann er haldinn. Um 300 framhaldsskólanemum bauðst að taka þátt. Háskólahermirinn er fyrir nemendur sem eru u.þ.b. hálfnaðir með framhaldsskólann og í ár var miðað við nemendur sem fæddir eru árið 1999. 17 nemendur á vegum FVA tóku þátt. Hverjum þátttakanda býðst að heimsækja fjögur af fimm fræðasviðum Háskóla Íslands og fær að spreyta sig á ýmsum verkefnum. Reynt var að gefa þátttakendum raunsæja mynd af því hvað nám á hverju sviði geti hugsanlega falið í sér og hvaða tengingu það hefur við atvinnulífið og stóðu okkar nemendur sig með þryði og komu meðal annars fram í viðtali við mbl.is.



Skólapúlsinn

Á haustönninni fór fram nemendakönnun sem kallast Skólapúlsinn. Skólapúlsinn er stöðluð, samræmd könnun sem mælir andlega og líkamlega líðan nemenda í skólanum. Um 150 nemendum var boðið að taka þátt og var svarhlutfall u.þ.b. 73%. Meðal þess sem kom fram þar var að einelti, ofbeldi og áreitni eru undir undir þeim viðmiðum sem könnunin hefur. Um 10,5% nemenda þjást af þunglyndi og 16,2% glíma við kvíða. Þessar tölur eru háar en þó undir viðmiðum. Svefnleysi mældist afar hátt, eða um 40%! Ástæður voru einkum; var með vinum, var í tölvunni, horfa á sjónvarp, læra, vinna og í þó nokkrum tilvikum voru kvíði eða þunglyndi gefin sem skýring. Góður svefn er eitthvað sem við þurfum að brýna fyrir krökkunum okkar og hvetjum við foreldra og forráðamenn til þess að skoða það vel með börnunum sínum. Skólinn mun líka vera með fræðslu um svefn á opnum dögum.

Háskóladagurinn 2017

Háskóladagurinn er haldinn árlega þar sem kynningar fara fram í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Sjö háskólar landsins standa að Háskóladeginum og er tilgangurinn að kynna fjölbreytt námsframboð sem í boði er á Íslandi. Á Háskóladeginum bjóða háskólarnir upp á ótal viðburði, kynningar og uppákomur. Einnig gefst gestum og gangandi tækifæri til að spjalla við nemendur, kennara, náms- og starfsráðgjafa um allt sem viðkemur námi í skólunum sjö, og fá upplýsingar um fjölbreytta námsmöguleika. Háskóladagurinn fer svo á faraldsfót og heldur kynningar víðsvegar um landið og mun kíkja í heimsókn til FVA þann 10. mars n.k. milli kl. 10-12. Nemendur eru eindregið hvattir til þess að mæta með foreldrum eða forráðamönnum og kynna sér það fjölbreytta framhaldsnám sem íslenskir háskólar hafa upp á að bjóða.

Leikritið

Nemendur í leiklistarklúbba NFFA æfa nú af fullum krafti fyrir leiksýningu ársins. Leikritið Ronja Ræningjadóttir varð fyrir valinu og er gert ráð fyrir að frumsýna í mars. Hallgrímur Ólafsson leikari (Magnús Magnússon) leikstýrir, Birgir Þórisson sér um tónlistina og Sara Blöndal sér um búninga og leikmynd.

Opnir dagar og árs hátíð nemenda

Í lok febrúar hefst árs hátíðarvika nemenda. Þá heldur skólinn svokallaða *Opna daga* þar sem hefðbundið skólastarf er brotið upp á skemmtilegan hátt. Opnir dagar hefjast á mánudagskvöldinu 27. febrúar með félagsvist á sal skólans. Á þriðjudegi og fram til fimmtudags verður svo boðið upp á ýmsa fyrirlestra og námskeið, leiki og ferðir. Hápunktur vikunnar er svo árs hátíð nemenda og dansleikur sem fer fram fimmtudaginn 2. mars. Nemendur fá frí í skólanum föstudaginn 3. mars.